

Félagarnir Guðni Sveinsson og Árni Óskarsson þurftu að gera nokkrar tilraunir við að koma vélinni í gang. Ljós.: hbb.

-1988.-

Módelflug nýtur vaxandi vinsælda

Þegar vel viðrar má oft sjá fjöldann allan af bílum stöpp í kantinum við þjóðveginn í Garð og Sandgerði. Flestir með hliðarrúðurnar skrúfaðar niður og höfuðið út um gatið og horfa upp. Hvað er þetta fólk að gera? Jú, ef vel er að gáð, þá er það að fylgjast með módelflugvélum leika listir sínar undir stjórnum flugmanna sinna, sem standa sjálfir á jörðu niðri. Vikurfréttir komu við á módelflugvellinum í blíðviðrinu á sunnudagskvöld.

-Það fyrsta sem manni dettur í hug að spyrja um er hvort margir séu í sportinu?

„Við erum nú einungis þrjú sem stundum þetta hér á Suðurnesjum,“ sagði Guðni Sveinsson, sem varð fyrir svörum. Guðni, ásamt Árna Óskarssyni, unnu að því að setja saman flugvélar sínar. „Þetta er sport upp á 35-40.000 krónur,“ sögðu þeir félagar, en blaðamaður spurði þá út í kostnað við það að koma sér upp módelflugvél.

„Við erum bara með byrj-

endavélar. Það er hægt að fljúga þeim í 15-20 mínútur í senn og vélararnar geta náð allt að 100 km hraða.“

„Þetta er besti módelflugvöllur úr grasi á landinu,“ sagði Guðni, aðspurður um völlinn, en Guðni á hlut í nýjum módelflugvelli, sem er malbikaður, í hrauninu ofan við Hafnarfjörð.

-Er þetta sport fyrir hvern sem er?

„Það má segja það. Módelflugsportið er frekar dýrt fyrir krakka. Þetta er frekar fyrir fólk um tvítugt og eldra. Vinsældirnar fara hægt vaxandi hér á Suðurnesjum.“

-Að lokum, fær flugvöllurinn að vera í friði?

„Við ætlum að vona að hann fái að vera í friði í framtíðinni. Á næstunni verða reknir niður staurar og strengdur spotti til varnar brautinni. Einnig verða sett niður skilti. Því miður hefur borið við að hestamenn hafa verið að „stappa“ á brautunum og einni hafa bílegendur

verið að leika sér að skransa á brautunum. Þetta er útivistarsvæði og við vonum að það fái að vera í friði fyrir ágangi óboðinna gesta.“

4. febr. '93.


Fundur hjá Flugmódel-áhugamönnum

Flugmódeláhugamenn á Suðurnesjum hafa stofnað með sér félag og munu þriðjudaginn 9. febrúar n.k. halda kynningarfund í Stapanum.

Það eru áhugamenn um fjarstýrð flugmódel sem standa að félaginu og á fundinn sem verður á þriðjudaginn eru þeir hvattir til að mæta sem eru að smíða eða að byrja smíða módel. Þar munu þeir geta fengið allar upplýsingar um efni og fleira sem viðkemur flugmódelsmíði.

SUÐURNESJÓFRETIR

1988.



Úr fjarska líta vélararnar út sem þær séu í raunverulegri stærð á við 4ra sæta vélar.